



Fræðsla um vinnslu persónuupplýsinga starfsfólks og umsækjenda um störf hjá Kópavogsbæ

Í þessu skjali er fjallað um hvaða persónuupplýsingar Kópavogsbær meðhöndlar og varðveitir um starfsfólk og umsækjendur um störf hjá sveitarfélaginu. Persónuupplýsingar eru unnar á grundvelli laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (hér eftir nefnd persónuverndarlög). Kópavogsbær er ábyrgðaraðili að vinnslu persónuupplýsinga sem telst nauðsynleg við úrvinnslu verkefna sem snýr að starfsfólki og umsækjendum.

Með persónuupplýsingum er átt við hvers kyns upplýsingar um einstakling sem hægt er að rekja beint eða óbeint til ákveðins einstaklings, til dæmis nafn, kennitala, netfang, heimilisfang, símanúmer, aðild að stéttarfélagi og fleira.

Upplýsingar sem eru ópersónugreinanlegar teljast ekki persónuupplýsingar.

Vinnsla persónuupplýsinga starfsfólks Kópavogsbæjar

Kópavogsbær þarf sem vinnuveitandi að vinna með persónuupplýsingar til þess að geta m.a. ráðið starfsfólk, greitt starfsfólki laun og sent skilagreinar til lífeyrissjóða og banka. Þá þarf Kópavogsbær að veita starfsfólki upplýsingar um t.d. laun eða annað sem snýr að störfum þeirra hjá sveitarfélaginu.

Öll vinnsla Kópavogsbæjar á persónuupplýsingum starfsfólks fer fram í samræmi við meginreglur persónuverndarlaga. Tilgangur með vinnslu persónuupplýsinga starfsfólks er að tryggja að Kópavogsbær sem atvinnurekandi og launagreiðandi geti uppfyllt samnings- og lagaskyldur sínar gagnvart starfsfólki. Kópavogsbær gætir að því að persónuupplýsingar séu ekki unnar með frekari hætti en í samræmi við upprunalegan tilgang. Áhersla er lögð á að ekki sé gengið lengra í söfnun og vinnslu persónuupplýsinga en þörf krefur til að ná því markmiði sem að er stefnt.

Þær persónuupplýsingar sem Kópavogsbær þarf að vinna með til að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til sveitarfélagsins sem vinnuveitanda eru eftir þörfum eftirfarandi:

- Nafn og tengiliðaupplýsingar (kennitala, heimilisfang, netfang, símanúmer, starfsmannanúmer)
- Þjóðerni
- Kyn
- Nánasti aðstandandi, nafn, símanúmer, netfang
- Upplýsingar um menntun og starfsreynslu
- Stéttarfélagsaðild
- Launaflokkur og önnur laun
- Bankaupplýsingar



- Lífeyrissjóðsaðild og viðbótarlífeyrissjóðsaðild
- Skattaskuldir
- Meðlagsskuldir
- Skattkort og skattþrep
- Dagafjöldi fjarvista frá vinnu
- Læknisvottorð
- Skráning vinnuslysa, einkenni, afleiðingar og bataferli
- Hjúskaparstaða (ef nota á skattkort maka)
- Fjöldi barna (ef greiða þarf meðlagsgreiðslur eða slysadagpeningagreiðslur)
- Starfsvottorð fyrrum vinnuveitenda
- Sakavottorð

Aðgangur og miðlun

Persónuupplýsingar starfsfólks eru einungis aðgengilegar því starfsfólki Kópavogsbæjar sem þarf eðli starfs síns vegna að vinna með þessar upplýsingar, t.d. stjórnendur með mannaforráð, staðgenglar þeirra, starfsfólk mannauðs- og kjaramála og gjaldkeri til útborgunar launa. Aðgangur að persónulegum upplýsingum starfsfólks er aðgangsstýrt eftir eðli starfs samkvæmt starfslýsingu.

Meginreglan er að Kópavogsbær miðlar ekki persónuupplýsingum til annarra aðila nema það sé nauðsynlegt á grundvelli ráðningarsamnings, kjarasamnings, laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða dómsúrskurðar.

Vegna ýmissa ástæðna kann Kópavogur að miðla persónuupplýsingum til þriðja aðila á borð við þjónustuaðila sem annast launa-, mannauðs- og upplýsingatæknikerfi, svo og til stéttarféлага, lífeyrissjóða, bankastofnana, Skattsins og Sambands Íslenskra sveitarfélaga. Hafi slíkir vinnsluaðilar aðgang að persónuupplýsingum vegna eðli þjónustunnar sem um ræðir, tryggir Kópavogsbær að um ábyrga vinnsluaðila sé að ræða sem hafa öryggi upplýsinganna að leiðarljósi og uppfylla skilyrði laga og reglna um persónuvernd.

Miðlun persónuupplýsinga utan evrópska efnahagssvæðisins mun ekki fara fram nema slík miðlun uppfylli skilyrði persónuverndarlaga.

Starfsfólk Kópavogsbæjar getur óskað eftir því að fá að vita hvaða upplýsingar sveitarfélagið vinnur um það og óskað eftir afriti af upplýsingunum. Frekari upplýsingar um réttindi einstaklinga samkvæmt persónuverndarlögum má finna í [persónuverndarsamþykkt Kópavogsbæjar](#).

Varðveisla og öryggi persónuupplýsinga starfsfólks Kópavogsbæjar

Kópavogsbær ber að varðveita skjöl og gögn í samræmi við lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn og er afhendingarskyldur aðili til Þjóðskjalasafns í skilningi laganna. Kópavogsbær er þannig óheimilt að eyða skjölum sem falla undir gildissvið laganna, nema með grisjunarheimild þjóðskjalavarðar.



Persónuverndarfulltrúi og réttur til að leggja fram kvörtun til Persónuverndar

Persónuverndarfulltrúi Kópavogs hefur umsjón með eftirfylgni við persónuverndarsamþykkt bæjarins og sinnir eftirliti með því að farið sé að gildandi lögum og reglum um persónuvernd í starfsemi sveitarfélagsins.

Hægt er að hafa samband við persónuverndarfulltrúa Kópavogsbæjar vegna kvartana, athugasemda eða beiðna á netfangið: personuvernd@kopavogur.is

Starfsmaður á rétt á að leggja inn kvörtun hjá Persónuvernd vegna vinnslu af hálfu Kópavogsbæjar telji hann vinnsluna andstæða ákvæðum persónuverndarlaga. Upplýsingar um Persónuvernd má finna [hér](#).

Nánari upplýsingar um persónuverndarsamþykkt Kópavogsbæjar má finna á [heimasíðu bæjarins](#).

Vinnsla persónuupplýsinga vegna ráðninga í störf hjá Kópavogsbæ

Við ráðningar í laus störf þarf Kópavogsbær að vinna með persónuupplýsingar umsækjenda til að geta unnið úr umsóknum og lagt mat á hæfni umsækjenda í viðkomandi starf. Unnið er með upplýsingar sem koma fram í umsókn og þeim sem Kópavogsbær kann að afla frá öðrum, en það er þá með samþykki umsækjenda.

Umsækjendur staðfesta með umsókn sinni að persónuupplýsingar sem veittar eru í umsóknar- og ráðningarferli séu sannar og réttar. Vinnsla persónuupplýsinga getur verið mismunandi eftir eðli starfa sem verið er að ráða í. Hér eru upplýsingar sem Kópavogsbær varðveitir:

- Umsækjandi um starf hjá Kópavogi skráir sig inn í ráðningarkerfi Kópavogs. Þar þarf að skrá inn persónuupplýsingar auk þess sem slíkar upplýsingar koma jafnan fram í ferilskrá, kynningarbréfi og öðrum gögnum sem umsækjandi tengir við umsóknina.
- Samskiptaupplýsingar eins og t.d. nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer og netfang.
- Upplýsingar sem umsækjandi veitir í starfsumsókn eins og ferilskrá og kynningarbréf þar sem t.d. koma fram upplýsingar um menntun og fyrri starfsreynslu, námskeið, hæfni og færni ásamt öðrum upplýsingum sem umsækjandi kys að gefa upp, t.d. ljósmynd, áhugamál og fjölskylduhagi.
- Upplýsingar sem verða til í ráðningarferlinu, t.d. upplýsingar úr ráðningarviðtölum og umsagnir frá umsagnaraðilum sem umsækjandi gefur upp. Einnig önnur viðeigandi gögn sem notuð eru til að leggja mat á hæfni og reynslu umsækjandans, t.d. verkefni sem umsækjandi skilar og endanlegt mat þess sem er að ráða.
- Við ráðningar í þau störf sem lög kveða á um að óheimilt sé að ráða einstaklinga til starfa sem fengið hafa refsídóm, aflar stjórnandi samþykkis umsækjenda að upplýsingar um sakavottorð séu sótt í sakaskrá.
- Í þeim ráðningum sem lög eiga ekki við um öflun sakavottorðs, getur Kópavogsbær engu að síður óskað eftir heimild til upplýsingaöflunar úr sakaskrá.
- Þegar sakavottorð er aflað er heimild umsækjanda og sakarvottorð varðveitt.
- Við ráðningu í starf þarf Kópavogsbær að afla frekari persónuupplýsinga um nýtt starfsfólk eins og fram kemur hér að ofan í kaflanum um vinnslu persónuupplýsinga starfsfólks.



Aðgangur og miðlun

Persónuupplýsingar umsækjenda eru einungis aðgengilegar því starfsfólki Kópavogsbæjar sem kemur að ráðningarferlinu hverju sinni. Í einhverjum tilfellum er notast við ráðningarskrifstofur og bera þær þá ábyrgð á þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem þær framkvæma.

Komi til ágreiningsmála um ráðningar gæti Kópavogsbæ verið nauðsynlegt að miðla gögnum um einstaka umsækjendur til stjórnarsýslunefnda, dómstóla og lögmanna. Að öðru leyti er persónuupplýsingum ekki miðlað til þriðja aðila.

Varðveisla persónuupplýsinga

Persónuupplýsingar umsækjenda eru almennt varðveittar í launa- og mannauðskerfi Kópavogsbæjar sem og skjalakerfi í samræmi við lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Skjalakerfi Kópavogsbæjar er aðgangsstýrt og persónuupplýsingar því ekki aðgengilegar öðrum en þeim sem hafa með vinnslu upplýsinganna að gera.

Réttindi umsækjenda

- Aðgangur: Umsækjendur eiga rétt á aðgangi að eigin persónuupplýsingum ásamt upplýsingum um hvernig þær eru unnar, í hvaða tilgangi, hverjir fá aðgang o.s.frv.
- Leiðrétting: Hægt er að óska eftir leiðréttingu á röngum eða ófullnægjandi upplýsingum.
- Takmörkun vinnslu: Við ákveðnar aðstæður geta umsækjendur krafist þess að vinnsla persónuupplýsinga verði takmörkuð, t.d. ef ágreiningur er um réttmæti vinnslu.
- Andmæli: Umsækjendur geta mótmælt vinnslu persónuupplýsinga sem byggist á lögmætum hagsmunum sveitarfélagsins (en ekki lagaskyldu).
- Kvörtun: Umsækjendur geta lagt fram kvörtun til Persónuverndar ef þeir telja að vinnsla fari í bága við persónuverndarlög.